

Reikningsskilaráð ríkisins

54. Fundur – 16. apríl 2021 kl. 09:00

Fundargerð

Fundinn sátu:

- Reikningsskilaráð: Gunnar H. Hall, Ingþór Karl Eiríksson, Björn Þór Hermannsson, Ólafur Hjálmarsson og Anna Birgitta Geirfinnsdóttir.
- Fulltrúi ríkisendurskoðanda: Birgir Finnbogason.
- Fundarritari: Kristinn Hjörtur Jónasson.

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð 53. fundar samþykkt.

2. Ríkisreikningur 2020, staðan.

Farið yfir stöðuna á ársuppgjöri ársins 2020 og vinnu við ríkisreikning 2020. Vinnan gengur vel og útlit er fyrir að ríkisreikningur verði gefin út fyrir en síðustu ár.

- Þeir fjárlagaliðir sem gerðir eru upp innan A-hluta ríkissjóðs eru 382 talsins. Af þeim er búið að ljúka uppgjöri á 260 liðum og er búið að loka flestum þeirra eða í lokayfirferð. Þetta eru um 68% af heildinni. Af öðrum liðum þá eru 63 liðir komnir langt í vinnslu, 23 liðir sem bíða framkvæmdar en gögn hafa borist og síðan eru 36 liðir sem ekki er búið að skila til uppgjör
- Tekjuuppgjörið er langt komið og þá er sömuleiðis komið langt að leggja mat á niðurfærslu óinnheimtra ríkistekna.
- Búið er að stemma af launakerfi og bankareikninga en unnið er að afstemmingum viðskiptareikninga.
- Nokkuð vantar upp á skil félaga í B- og C-hluta á ársreikningum en samkvæmt LOF áttu þeir að liggja fyrir 31.mars. Samtals á að skila ársreikningum 51 félags. Nú þegar er búið að skila 25 af þeim, eða tæplega 50%. Flest af þessum félögum hafa ekki mikil áhrif á efnahag ríkisins en nokkur félög eru veigameiri.

Á næsta fundi verður lagt fram yfirlit um ósk um frestun á innleiðingu á þeim stöðlum sem eftir er að ná utan um.

3. Vegagerðin, staða bókhalds og uppgjöra.

Skýrt var frá stöðu í uppgjöri Vegagerðarinnar. Uppgjör Vegagerðarinnar er langt komið og er stutt í að hægt sé að loka öllum liðum.

Gögn eiga að liggja fyrir um nauðsynlegar skýringar eins og reikningsskilaaðferðir gera kröfu um t.d. varðandi vegakerfið. Áður hefur verið rætt að setja mætti inn viðbótarupplýsingar umfram þær kröfur sem varpað geti betra ljósi á þessa þætti. Farið verður yfir það með Ríkisendurskoðun og stofnuninni hvaða upplýsingar það væru helst. Unnin hefur verið vinna í Vegagerðinni með ráðgjöfum að ná betur utan um þá eign sem fólgin er í vegakerfinu og gætu í því falist upplýsingar sem ástæða væri til að láta fylgja með ársreikning stofnunarinnar sem viðbótargögn.

4. Breytta flokkun hageininga

Fjármálaætlun sem var birt fyrir í mánuðinum þar komu fram upplýsingar og skýringar um áhrif á breyttri flokkun ríkisaðila og félaga. Breytt flokkun snýr að því að ýmsar stofnanir, sem hingað til hafa verið flokkaðar utan A-hluta ríkissjóðs, hafa verið endurflokkaðar við framsetningu Hagstofu samkvæmt GFS og teljast nú innan A-hlutans. Stefnt er á að klára að samræma fjárlög við framsetningu þjóðhagsreikninga á þessu ári. Reikningsskilaráð mun fylgjast náið með framvindu verkefnisins.

5. Önnur mál.

Ekki annað rætt og fundi slitið 10:30

Næsti fundur 5. maí kl. 09:00.